



Fjölbautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2025

ÍþJÁ3AÐ03  
Starfsþjálfun

Kennari: Sverrir Geir Ingibjartsson

SGI

## Áfangalýsing

Áfanganum er ætlað að undirbúa nemendur fyrir þjálfun barna á aldrinum 3-12 ára hjá íþróttafélögum eða í íþróttaskóla/frístundaskóla. Starfið getur tengst fjölbreyttri þjálfun í íþróttagrein hjá íþróttafélagi, ýmsum félagasamtökum eða starfi í íþróttat- og frístundaskóla íþróttafélags eða grunnskóla. Nemandinn mun og þjálfa/kenna undir leiðsögn íþróttakennara eða þjálfara. Nemandi skilar skýrslum/verkefnum til kennara. Verkefni og kennsla er metin í lok æfingakennslutímabils.

Undanfari: ÍþRF2þJ05

## Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á:

- kennslu og þjálfun barna og unglings
- helstu forsendum áætlanagerðar í íþróttum
- hlutverki íþróttapjálfara sem fyrirmynðar barna og unglings

## Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni til að:

- leiðbeina börnum og unglingu í í tækniatriðum ýmissa íþróttagreina
- kynna nýja leiki og æfingar fyrir æfingahóp barna og unglings
- hafa jákvæð og örvari samskipti við æfingahópa sína

## Hæfniviðmið

Að þessum áfanga loknum á nemandi að geta

- kennt börnum og unglingu ýmsa leiki og grunnæfingar í íþróttum undir stjórn íþróttakennara/þjálfara
- haldið uppi aga og virkni í sínum æfingahópi

## Áætlun um verkefnaskil og yfirferð:

Nemendur þurfa að skila

- Skýrslu um hópinn þar sem kemur fram aldurssamsetning, kyn, íþróttagrein og fjöldi iðkenda í hópnum
- Dagbók, skilað í lok hvers mánaðar, þar sem kemur fram fjöldi æfinga, leikja og móta auk þess sem fjallað á um hvernig til hefur tekist
- Staðfestingu frá yfirþjálfsara um að umrædd þjálfun hafi átt sér stað
- Lokaverkefni þar sem farið er yfir hvernig gekk

Einn fundur verður í byrjun annar en að öðru leiti er áfanginn fyrir utan stundatöflu.

---

## Námsmat

Verkefni og kennsla metin í lok annar

---

Selfossi 13. janúar 2025

Sverrir Geir Ingibjartsson